

## Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjanesbær, 12 mars 2002

### Umsögn Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda

Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa fagnar þeirri lagasetningu sem nú stefnir í enda er hún til mikilla bóta í umhverfismálum. Félagið vill þó koma á framfæri nokkrum athugasemdum er varða stjórn á vettvangi, kostnað heilbrigðiseftirlits vegna aðkomu að bráðamengun, stjórnsýslulega útfærslu á þvingunarúræðum, þá er lagt til að ábyrgð og hlutverk slökkvistjóra verði meira en gert er ráð fyrir í lagafrumvarpinu enda eru blikur á lofti í þeim efnum, sbr. meðfylgjandi bréf frá menguarráði hafna til svæðisráðs 1 SV-land.

Athugasemdirnar eru í textanum hér að neðan en einnig fylgir með umsögninni lagafrumvarpið endurskoðað með tillögum að breytingum á texta þess.

#### Athugasemd við 7. gr.

Hér er kveðið á um ábyrgð einstaklinga og lögaðila. Hér væri rétt að taka það fram með afgerandi hætti að mengunarvaldur skuli greiða nauðsynlegan kostnað við hreinsunaraðgerðir. Þar sem ekki er hægt að útiloka að ótryggðir aðilar, þ.e. aðrir aðilar en þeir sem eru á fylgiskjali 1, kunni að valda mengun hafs og stranda.

Í greininni kemur fram að eigendur skipa geti takmarkað ábyrgð sína. Í greinargerð með reglugerðinni eru ekki færð rök fyrir því hversvegna skipseigendur eigi að hafa þessa sérstöðu.

#### Athugasemd við 8. gr.

Í þessari grein er heimiluð losun á vatni sem inniheldur allt að 15 ppm olíu í sjóinn innan þriggja sjómílna frá grunnlínunum landhelginnar. Hér er rétt að vekja athygli á að nýlega var samþykktur staðall af Staðlaráði Íslands, staðall 858:1 um olífuskiljur og fráveitur frá þeim og annar náskyldur er í deigluinni og 858:2. Þar er sú megin regla að sé olíumengað vatn losað í yfirborðsvatn, skv. skilgreiningu í rg. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns telst strandsjór vera yfirborðsvatn, skuli styrkur olíu ekki fara yfir 5 ppm. Ástæða þess að 15 ppm sé notað sem viðmið úti á sjó er sú að 15 ppm er sá styrkur sem

þarf til þess að olíubrák myndist á haffleti. Sýnileg olíubrák er afar heppilegt viðmið þegar notast er við flugvélar, e.t.v. skip, í eftirliti úti á sjó.

Við strendur landsins, þ.e.a.s. strandsjó, kann að vera heppilegra að miða við þær hönnunarforsendur sem gefnar eru fyrir olíuskiljur í ofanefndum stöðlum enda munu framleiðendur um heim allan laga skiljur sínar að þeim stöðlum. Þannig væri e.t.v. rétt að breyta þessari grein þannig að skýrt yrði kveðið á um að olíumengað vatn frá starfsemi í landi skuli leitt um olíuskilju sem uppfylli 5 ppm hönnunarforsendur áður en heimilt er að veita því til sjávar.

#### Athugasemd við 13. gr.

Hér er gert ráð fyrir svæðisráði sem starfi vegna bráðamengunar og á heilbrigðisfulltúri þar sæti. Ekki kemur fram í lögnum hverji skuli bera kostnað vegna starfa svæðisráðsins. Eðlilegt að það sé mengunarvaldur sem beri kostnað við störf svæðisráðs.

#### Athugasemd við 14. gr.

Þegar um bráðamengun er að ræða er kveðið á um að hlutaðeigandi heilbrigðisfulltrúi skuli fara á vettvang. Ekki er hinsvegar kveðið á um hver eigi að tilkynna mengunarslysið til heilbrigðisfulltrúa. Mikilvægt er að boðleiðir séu skírar og er í meðfylgjandi endurskoðuðum reglugerðardrögum lagt til að Hollustuvernd ríkisins sé falið það hlutverk. Allt eins mætti það vera hlutverk hafnarstjóra.

Hollustuvernd ríkisins er falið að annast stjórn á vettvangi. Þetta kann að vera afar óheppilegt fyrirkomulag þar sem hér getur auðveldlega orðið um skörun að ræða á milli vetvangsstjórnunarhlutverks Hollustuverndar ríkisins, skv. þessu lagafrumvarpi, og vetvangsstjórnunarhlutverki slökkviliðsstjóra skv. nýlegum lögum um brunavarnir 75/2000. Í 16. gr. þeirra laga er slökkviliðsstjóra falin stjórn á vettvangi við mengunaróhöpp á landi: „... *Slökkviliðsstjóri stjórnar slökkvistarfi við eldsvoða og hefur stjórn á vettvangi við mengunaróhöpp á landi*”. Hér kunna því að vakna spurningar um stjórn á vettvangi. Hver annast t.d. stjórn á vettvangi ef olíutankur utan hafnarsvæðis rifnar og olían lekur út í sjó?

Heppilegra væri að fela slökkviliðsstjóra stjórn á vettvangi þar sem viðbrögð við bráðamengun er mun skildari daglegum störfum og æfingum slökkviliðsmanna en þeim skrifstofu og eftirlitsstörfum sem Hollustuvernd ríkisins hefur reynslu af. Hér skal einnig haft í huga að sá tækjabúnaður sem slökkvilið hefur, eða á að hafa, til þess að geta sinnt skildum sínum skv. lögum 75/2000 nýtist einnig innan hafnarsvæða. Dýrt er að flytja mengunarvarnarbúnað á milli hafna og því ódýrara að nota búnað slökkviliðsins í viðkomandi sveitarfélagi.

Þá er óheppilegt að það sé sami aðili, þ.e. Hollustuvernd ríkisins, sem annast stjórn á vettvangi og ákveður hvenær árangur af aðgerðum sé nægur. Þar væri stofnunin farin að hafa eftirlit með sjálfri sér. Eðlilegri aðkoma Hollustuverndar ríkisins væri ráðgjöf og ákvörðun um hvenær árangurinn af aðgerðum sé nægur í samráði við viðkomandi heilbrigðisfulltrúa.

Í b. lið 14. greinar segir m.a.: „ ... .. skal hlutaðeigandi heilbrigðisfulltrúi fara á vettvang og meta umfang bráðamengunar ... “. Slíkt mat tekur tíma frá öðrum störfum heilbrigðisfulltrúans og kann auk þess í ýmsum tilfellum að hafa í för með sér beinan kostnað. Ekki er hinsvegar kveðið á um hver eigi að greiða þennan kostnað og með hvaða hætti hann skuli innheimtur. Til þess að lagfæra þetta hefur undirritaður lagt til breytingar á greinum 7. og 21. Markmiðið með þessum breytingum er að það komi skýrt fram að mengunarvaldur skuli bera þann kostnað sem mengunarslys hans hefur í för með sér.

Þá er lagt til að 14. gr. verði skipt í þrjá liði, þ.e. a, b og c í stað a og b. Í a lið er fjallað um fjallað um minnihátta mengun innan hafnarsvæða, í b lið yrði fjallað um bráðamengun innan hafnarsvæða. Í c lið yrði fjallað almennt um bráðamengun. Með þessum hætti yrði gerður skýrari greinamunur á framkvæmd annars vegar við minniháttar slys og hinsvegar þegar um bráðamengun er að ræða.

#### Athugasemd við 16. gr.

Hér virðist sett sú forsenda að auk þeirra sem flytja olíu, eiturefni og hættuleg efni séu allir og einungis þeir aðilar sem finna má á fylgiskjali I, tekið að láni úr reglugerð nr. 785/1999, líklegir til þess að valda mengun hafs og stranda. Þessi forsenda er í besta falli afar hæpin. Erfitt er að sjá fyrir sér hvernig sumt af þeim rekstri sem finna má í umræddu fylgiskjali getur valdið mengun hafs og stranda þar sem fylgiskjalið nær t.d. yfir fyrirtæki eins og kísilgúrverksmiðjuna við Mývatn.

Þá er ýmis rekstur í fylgiskjali 2 úr rg. nr. 785/1999 sem kann að valda mengun hafs og stranda. Frumvarpið nær þó ekki til þessara aðila hvað varðar tryggingarskyldu 16. gr. frumvarpsins. Þar má nefna skólpheinsistöðvar, kvíaelði í sjó undir 200 tonna ársframleiðslu, svínabú þar sem blauthluta mykjunnar er dælt í sjóinn (sbr. fyrirhugað fyrirkomulag á Vatsnsleysuströnd) og flutningsaðila spilliefna (olíu, eiturefni og hættuleg efni rúmast ekki í skilgreiningunni á spilliefnum sjá gr. 3.13 í rg. 805/1999 um úrgang). Hér þarf að vanda valið á fyrirtækjum betur og búa til sérstakan lista í stað þess að nota lista úr reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Þá má nefna að til er starfsemi sem hvorki er að finna í fylgiskjali 1 né 2 í rg. 785/1999 sem getur valdið umtalsverðri mengun við strendur landsins, t.d. olíubirgðastöðvar.


#### Athugasemd við 21. gr.

Fram kemur að í gjaldskrá sem ráðherra er heimilt að setja skuli tímagjald sérfræðing og Hollustuverndar ríkisins vera sett. E.t.v. ætti slík gjaldskrá að ná til allra lögboðinna aðila, þ.m.t. heilbrigðisfulltúra, sem koma að bráðamengunarslysum.

Athugasemd við 22. gr.

Í greininni segir m.a: „... Sé um slíkt brot að ræða getur Hollustuvernd ríkisins afturkallað starfsleyfi viðkomandi reksturs. Ef starfsleyfi fyrirtækis er gefið út af heilbrigðisnefndum sveitarfélaga skal afturköllun starfsleyfis vera í samráði við viðkomandi starfsleyfisútgefanda.“ Það verður að teljast afar undarleg stjórnsýsla ef ríkisstofnun á að geta afturkallað leyfi sem gefið er út á sveitarstjórnarstigi. Hollustuvernd hefur, skv. 32. gr. rg. nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit heimild til þess að stöðva til bráðabirgða starfsemi sem alvarleg hættu stafar af, þar segir ma: „Telji Hollustuvernd ríkisins svo alvarlega hættu stafa af tiltekinni starfrækslu eða notkun að aðgerð þoli enga bið er henni heimilt til bráðabirgða að stöðva starfsemi eða notkun þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef þurfa þykir, en tilkynna skal það hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd.“ Þessi heimild, eða sambærileg, ætti að duga en afturköllun starfsleyfis á að sjálfsögðu að vera framkvæmd af útgáfuaðila.

Virðingarfyllst.

  
Bergur Sigurðsson,  
formaður.

Meðfylgjandi er:

Bréf frá menguarráði hafna til svæðisráðs 1 SV-land, dags. 14.02.2002.

Frumvarpið endurskoðað með tillögum um breytingar.